


# SVANSVOTTUN

STUTTAR LEIÐBEININGAR UM  
NOTKUN Á SVANSMERKINU



Harðar kröfur  
Auðvelt val

# EFNISYFIRLIT



1. GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM SVANSMERKIÐ.....	3
2. ALMENNAR REGLUR UM NOTKUN SVANSMERKISINS.....	4
3. NOTKUN SVANSMERKISINS Í MARKAÐSEFNI.....	5
a. Allar vörur/þjónusta Svansvottaðar	
b. Aðeins ákveðnar vörur/þjónusta Svansvottaðar	
4. SVANSVOTTAÐIR PRENTGRIPIR.....	7
5. SAMÞYKKTAR VÖRUR Í BYGGINGARGEIRANUM.....	8
6. BYGGINGARVERKEFNI Í SVANSVOTTUNARFERLI.....	9

# GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM SVANSMERKIÐ

Það þarf ALLTAF að vera skýrt hvaða  
vara eða þjónusta er Svansvottuð.



- Svansleyfishafar á Íslandi fá Svansmerki með sínu leyfisnúmeri hjá *svanurinn@ust.is*
- Hægt er að fá Svansmerkið á:
  - *Íslensku*
  - *Ensku*
  - *Dönsku*
  - *Sænsku*
  - *Norsku*
  - *Finnsku*

**95%**

Þekkja svaninn

**75%**

Finnst það krefjast  
meiri fyrirhafnar að  
finna  
umhverfisvænar  
vörur

**80%**

Treysta að vara sé  
umhverfisvæn ef hún  
er Svansvottuð

**14%**


Treysta umhverfis  
yfirlýsingum  
framleiðenda

**89%**

Finnst að  
umhverfisyfirlýsingar  
eigi að vera  
staðfestar af óháðum  
þriðja aðila

# ALMENNAR REGLUR UM NOTKUN SVANSMERKISINS

- Til að auka gagnsæi er mælt til þess að hafa leyfisnúmerið með merkinu.
  - Svansleyfishafar geta fengið merki með sínu leyfisnúmeri hjá svanurinn@ust.is



eða



- Það má ekki breyta merkinu, leyfishafar eru með aðgang að þeim útgáfum af merkinu sem má nota. Dæmi um ranga framsetningu á Svansmerkinu:



- Passa skal að hafa jafnvægi í stærð merki fyrirtækisins og Svansins.
  - Svansmerkið ætti til dæmis ekki að yfirgnæfa merki fyrirtækisins.
- Ekki nota Svansmerkið ef leyfið er ekki í gildi.

Það þarf ALLTAF að vera skýrt hvaða vara eða þjónusta er Svansvottuð.



## Leyfilegt

Gefa til kynna að varan/þjónustan sé Svansvottuð

## EKKI leyfilegt

Nota Norræna Svaninn sem hluta af vöruheitinu, t.d. “Svans-buxur”

# NOTKUN SVANSMERKISINS Í MARKAÐSEFNI

ALLAR VÖRUR/  
ÞJÓNUSTA ERU  
SVANSVOTTAÐAR

Lesið meira: <https://svanurinn.is/fyrir-leyfishafa/>


## Allar vörur fyrirtækisins eru Svansvottaðar

- Svansmerkið má nota í tengslum við fyrirtæki sem er eingöngu með Svansvottaðar vörur.



## Öll þjónusta fyrirtækisins er Svansvottuð

- Svansmerkið má nota í tengslum við fyrirtæki sem er Svansvottað.



- Ef fyrirtækið setur Svansmerkið á kynningarvörur, s.s. prentefni, boli eða poka, þá þarf að vera skýrt hvað er vottað.




# NOTKUN SVANSMERKISINS Í MARKAÐSEFNI

## AÐEINS ÁKVEÐNAR VÖRUR/ÞJÓNUSTUR ERU SVANSVOTTAÐAR

### Aðeins ákveðnar vörur eru Svansvottaðar

- Svansmerkið skal ávalt vera staðsett við hliðina á Svansmerktri vöru.
  - Ekki í tengslum við fyrirtækið í heild sinni.




- Leyfilegt er að bjóða upp á leitarglugga eða síu til að finna Svansvottaðar vörur.



### Aðeins ákveðnar þjónustur er Svansvottaðar

- Svansmerkið skal ávalt vera staðsett við hliðina þess hluta þjónustunnar sem er Svansvottuð.
  - Ekki í tengslum við fyrirtækið í heild sinni.



# SVANSVOTTAÐIR PRENTGRIPIR

Svansvottaðan prentgrip er eingöngu hægt að versla hjá Svansvottaðri prentþjónustu.



Uppfylla þarf **fimm** kröfur til að hægt sé að votta vöruna sem Svansvottaðan prentgrip:

1. Pappírinn í prentgripnum er Svansvottaður eða samþykktur af Svaninum.
2. Hvorki prentgripurinn né umbúðir hans innihalda PVC-plast.
3. Engin ilmefni eru notuð við framleiðsluna.
4. Prentgripurinn er prentaður af Svansvottaðri prentsmiðju og allir undirverktakar eru samþykktir af Svaninum.
5. Svansvottaðir prentgripir skulu vera auðgreinanlegir frá öðrum pöntunarseðlum.

## ATHUGIÐ

Sýna þarf sérstaka varfærni þegar auglýsingabæklingar eða markaðsefni fyrirtækja er prentað á Svansvottaðan prentgrip. Þá skal alltaf vera mjög skýrt að það er eingöngu prentgripurinn sjálfur sem er Svansvottaður en ekki eitthvað annað.



Prentgripur  
1234 5678

## RÉTT UPPSETNING

Dæmi um rétta uppsetningu og notkun á Svansmerkinu á prentgrip sem stenst kröfur Svansins. Það þarf ávallt að vera mjög skýrt hvað sé raunverulega Svansvottað.

Annað dæmi um rétta uppsetningu

Svansmerkið, Prentgripur, 1234 56

## ÓVOTTAÐAÐIR PRENTGRIPIR

### Leyfilegt

Gefa til kynna á prentgripum sem **ekki** standast kröfur Svansins að þeir séu prentaðir af Svansvottaðri prentþjónustu.

- Hér má EKKI nota Svansmerkið sjálft.
- Leyfisnúmer þarf að koma fram.
- Textinn verður að vera læsilegur.

### EKKI leyfilegt

Merkja prentgripi sem ekki standast kröfur Svansins með Svansmerkinu.

- Það sama gildir hvort sem það stendur „Prentsmiðja“ í stað „Prentgripur“ eða eitthvað slíkt.

# SAMÞYKKTAR VÖRUR Í BYGGINGARGEIRANUM

Í byggingargeiranum þarf að skoða allar vörur sem notaðar eru í bygginguna

- Þær geta verið:

- Svansvottaðar



- Evrópublómstvottaðar



- Samþykktar

Samþykktar vörur eru leið Svansins til að meta vörur sem ekki eru vottaðar af Svaninum eða Evrópublóminu gegn lágmarks kröfum í þágu umhverfisins eða heilsu.

Samþykktar vörur má **ekki** markaðssetja sem slíkar til að forðast rugling á samþykktum og Svansvottuðum vörum. Merki Svansins eða annað slíkt er ekki leyfilegt til að vísa í samþykktar vörur.

Tilvísun í samþykktina má aðeins koma fram sem hluti af vöruupplýsingum. Þá eru þessar og aðeins þessar tvær setningar leyfilegar til að vísa í að varan sé samþykkt.

**Setning #1:** Upplýsingum um vöru var skilað inn til Svansins í samræmi við gildandi byggingarviðmið (nýbyggingar og endurbætur) og er hún samþykkt til notkunar í verkefnum sem vinna eftir þeim viðmiðum. Varan er ekki Svansvottuð.

**Setning #2:** [Vöruheiti/Varan] er samþykkt vara í SCDP í samræmi við gildandi byggingarviðmið (nýbyggingar og endurbætur).



# BYGGINGARVERKEFNI Í SVANSVOTTUNARFERLI

## Verkefni enn í Svansvottunarferli

Þegar byggingarverkefni eru enn í Svansvottunarferli þarf að passa orðalagið þegar vísað er í Svaninn.

Það sem er leyfilegt er:

- Að taka fram að byggingin sé “í Svansvottunarferli”

Það sem er ekki leyfilegt er:

- Að nota Svansmerkið.
- Að segja að byggingin sé Svansvottuð.

## Verkefni sem hafa hlotið Svansvottun

Þegar byggingarverkefni hafa hlotið Svansvottun er um að gera að gera því hátt undir höfði.

Það sem er leyfilegt er:

- Að nota Svansmerkið.
- Vísa í bygginguna sem Svansvottaða.
- Markaðssetja bygginguna sem Svansvottaða.

Það sem er ekki leyfilegt er:

- Brjóta almennar reglur Svansins um notkun á Svansmerkinu.

